

Ed.

14. Frumvarp til laga

um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um frestun á gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að þar sem öll umferð á vegum landsins hefir aukizt mjög á þessu ári vegna komu hins brezka setuliðs til landsins, þyki ekki rétt, að breytingar þær á umferðareglum, sem bifreiðalög nr. 75 7. maí 1940 og umferðalög nr. 110 30. maí 1940 hafa að geyma, komi til framkvæmda fyrst um sinn, með því að þær myndu nú geta valdið óvenjulegri umferðaslyshættu, sem ekki var fyrirsjáanleg er lög þessi voru sett. Þykir því rétt að fresta framkvæmd framangreindra laga um óákveðinn tíma.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga, nr. 75 7. maí 1940, og umferðarlaga, nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 16. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Hermann Jónasson.